

## MINNISBLAÐ

24.10.2025

Til: Qair Iceland  
Frá: Landsnet, viðskipta- og kerfispróun

**Efni: Staðfesting á samtali um tengingu vindorkugarðs á 132 kV spennustigi**

Hér með staðfestist að Viðskipta- og Kerfispróunarsvið Landsnets hefur verið í viðræðum við Qair Iceland um tengingu fyrsta áfanga vindorkugarðs við Hnotastein á NA-landi við núverandi flutningskerfi Landsnets á svæðinu. Til þess að það sé mögulegt þarf að uppfæra núverandi flutningslínu á milli Þeistareykja og Kópaskers, Kópaskerslínu 1. Línan er tréstauralína, var upphaflega staursett sem 132 kV lína, þó svo að hún hafi ávallt verið rekin sem 66 kV lína. Til að hægt sé að breyta rekstrarspennu línunnar þarf að skipta um leiðara í línunni ásamt einangrurum. Einnig þarf að byggja nýtt 132 kV tengivirki á Þeistareykjum og við safnpunkt vindorkugarðs. Með tengingu við 132 kV kerfi getur uppsett afl á vindorkugarði verið á bilinu 130 til 150 MW, en þó þarf að ráðast í frekari kerfisgreiningar á síðari stigum til að staðfesta uppsett hámarksafl.

Landsnet hefur gert kostnaðarmat á kostnaði við spennuhækkun línunnar byggt á verðbankaverðum. Ef að verkefninu verður, verður ráðist í frekari undirbúning m.a. verkhönnun þar sem að nákvæmari kostnaðaráætlun verður unnin.

Gróflega áætlað er kostnaðurinn um 4,6 milljarðar með óvissu upp á um 28% prósent. Hann skiptist í eftirfarandi:

|                                                     |                      |
|-----------------------------------------------------|----------------------|
| 1. Skipti á leiðurum og einangrurum                 | 1,3 makr. með óvissu |
| 2. 132 kV tengivirki á Þeistareykjum og á Kópaskeri | 2,6 makr. með óvissu |
| 3. Undirbúningur, hönnun útboð og eftirlit          | 0,7 makr. með óvissu |

Til viðbótar við þennan kostnað, mun leggjast til kostnaður við varaafskeyrslu, en vegna kerfisaðstæðna má reikna með að keyra þurfi varaafli á svæðinu á meðan á framkvæmdum stendur. Ekki liggur ljóst fyrir hve hár kostnaður vegna þessa verður, en það er m.a. háð ytri aðstæðum, svo sem árstíma, þróun orkunotkunar á svæðinu og hvort smávirkjanir verða komnar inn á kerfið sem létt geta á þörf fyrir varaafskeyrslu. Gera má ráð fyrir að kostnaður við varaafskeyrslu gæti numið nokkur hundruð milljónum.

Ekki er búið að reikna út hve stór hluti af þessum kostnaði mun lenda í útreikningum á kerfisframlagi, en það mun verða gert í frekari undirbúningi verkefnisins ef að verður og verður þá litið til þátta eins og skilgreiningu á útreikningi kerfisframlags, áætlanir um tengingu annarra aðila og aðra þróun flutningskerfisins á svæðinu.

24.10.2025

Gnýr Guðmundsson, forstöðumaður kerfispróunar